



# HANDBÓK STARFSFÓLKS Á PANEL



## Efnisyfirlit

Handbók Dómara- og tæknipanel 2020-2021	2
1. Stigakerfi og menntun starfsmanna á panel	2
1.1 Dómarar (REF, TC)	4
1.2 Tæknisérfræðingar (TS)	7
1.3 Tæknifólk (DRO)	9
2. Vanhæfi	10
2.1 Allir starfsmenn á panel	10
2.2 Dómarar, REF, TC	11
3. Dómgæsla í grunnprófum	12
4. Dómgæsla í Félagakerfi	13
5. Dómgæsla í IJS	13

## 1. Stigakerfi og menntun starfsmanna á panel

Stigakerfi starfsmanna ÍSS hefur það að markmiði að tryggja að starfsmenn á panel séu vel undirbúnir fyrir verkið auk þess að virka hvetjandi til áframhaldandi þáttöku á móturnum ÍSS.

Réttindum er skipt upp í þrjá hluta:

- 1) Dómararéttindi
- 2) Réttindi til að starfa sem tæknisérfræðingur (TS)
- 3) Réttindi til að starfa sem data replay operator (DRO)

Þeir sem öðlast hafa dómararéttindi geta svo bætt á sig réttindum sem yfirdómari og/eða sem tæknistjórnandi (TC).

Öllum þessum réttindum er skipt upp í stig, og fer það eftir stigi réttinda starfsmanns á hvaða móturnum/prófum hann má starfa. Til að öðlast réttindi af hærra stigi/halda réttindum þarf starfsmaður að uppfylla ákveðin skilyrði um vinnuskyldu, námskeið og próf.

ÍSS heldur námskeið í byrjun hvers tímabils. ÍSS ætlast til þess að starfsfólk á panel á lista þeirra sækil námskeiðið á hverju ári.

Til þess að **halda réttindum** sínum á milli ára þarf viðkomandi að:

- Starfa á panel<sup>1</sup> á amk. 2 ÍSS móturnum<sup>2</sup> á síðustu tveimur tímabilnum (24 mánaða tímabil)
- Starfa á panel<sup>1</sup> á amk. 1 öðrum viðburði<sup>2,3</sup> á síðustu tveimur tímabilum (24 mánaða tímabil)
- Sækja námskeið ÍSS<sup>4</sup>
- Standast próf þeirra réttinda sem við á

Til þess að **færast upp á efra stig réttinda** þarf viðkomandi að:

- Starfa á panel<sup>1</sup> á amk. 3 ÍSS móturnum<sup>2</sup> á nýliðnu tímabili (12 mánaða tímabil)
- Starfa á panel<sup>1</sup> á amk. 2 öðrum viðburðum<sup>2,3</sup> á nýliðnu tímabili (12 mánaða tímabil)
- Sækja námskeið ÍSS<sup>4</sup>

Í undantekningartilfellum getu ÍSS gefið undanþágur á þessum kröfum.

Réttindi sem starfsfólk hefur tapast aldrei. En sé viðkomandi frá störfum í 3 ár eða lengur og óskar þess að hefja aftur störf þarf að:

- Sækja námskeið ÍSS
- Sitja sem æfinga-dómari/tæknisérfræðingur/DRO á að lágmarki 2 móturnum\* á því stigi sem starfað var á áður

\*Hvert tilvik er einstaklingsbundið og skal miðað við hversu langur tími er liðinn frá því að störfum lauk, á hvaða stigi viðkomandi er, niðurstöður prófa á námskeiðum sem og umsögn yfirdómara á þeim móturnum sem setið er.

<sup>1</sup>Æfingadómgæsla og þjálfun nýrri starfsmanna teljast með sem unnar stundir.

<sup>2</sup>Ef viðkomandi er búsettur erlendis og hefur tök á því að skila vinnuskyldu þar getur ÍSS tekið það til greina. Mót ÍSS skulu þó vera í forgangi ef þörf krefur.

<sup>3</sup>Aðrir viðburðir eru grunnpróf (haldin af ÍSS eða félögum) og innanfélags/millifélagamót haldin af félögum.

<sup>4</sup>Ef viðkomandi er búsettur erlendis og hefur tök á því að sækja námskeið hjá öðru skautasambandi þarf að skila inn staðfestingu þess efnis frá því sambandi sem námskeið er sótt hjá. (Skilyðri er að viðkomandi samband sé aðili að ISU).

## Orðskýringar

ISU flokkar: ISU Advanced Novice, Junior og Senior

ÍSS flokkar: Allir aðrir flokkar

Yngstu flokkar: 10 ára og yngri

AS/SO: Adaptive Skating/Special Olympics

## 1.1 Dómarar (REF, TC)

ÍSS sér um menntun íslenskra dómara. Nauðsynlegt er að dómarar hafi góða þekkingu á skautaíþróttinni og verði að minnsta kosti 16 ára á árinu til þess að preyta próf.

Til að sækja dómaranámskeið ÍSS og sitja sem æfingadómari þarf viðkomandi að verða að minnsta kosti 15 ára á árinu.

Landsdómarar þurfa að hafa náð 20 ára aldri.

Í Keppnislínu ÍSS þurfa Dómarar undir 18 ára að vera amk. einu ári eldri en elsti keppandi í þeim flokki sem þeir dæma. Í sérstökum tilfellum getur ÍSS gert undanþágu á þessari reglu.

Æskilegt er að dómarar undir 18 ára sitji amk. eitt mótt sem æfingadómarar áður en þeir dæma sitt fyrsta mótt.

## Stigakerfi

### *Grunnréttindi*

- Réttindi til að starfa í Keppniskrefi félaganna
- Réttindi til að starfa í AS/SO flokkum
- Réttindi til að starfa í yngstu flokkum keppnislínu ÍSS á ÍSS móttum
- Réttindi til að starfa í ÍSS flokkum á millifélaga og innanfélagsmóttum
- Réttindi til að starfa í grunnprófum grunnprófsréttindi fyrir hendi:
  - o Yngstu flokkar ÍSS
- Hefur náð 16 ára aldri
- Stenst próf fyrir grunnréttindi dómara

### *ÍSS réttindi*

- Öll réttindi og kröfur sem fylgja grunnréttindum
- Réttindi til að starfa í ÍSS flokkum á Íslandsmóti
- Réttindi til að starfa í öllum flokkum á ÍSS móttum fyrir utan Íslandsmót
- Réttindi til að starfa í öllum flokkum á millifélaga og innanfélagsmóttum
- Réttindi til að starfa á erlendum innanlandsmóttum (nema meistaramóttum) með leyfi ÍSS
- Réttindi til að starfa í grunnprófum séu grunnprófsréttindi fyrir hendi:
  - o ÍSS flokkar
- Hefur náð 18 ára aldri
- Stenst próf fyrir ÍSS réttindi dómara

### *Landsréttindi*

- Öll réttindi og kröfur sem fylgja ÍSS réttindum
- Réttindi til að starfa í ISU flokkum á Íslandsmóti
- Réttindi til að starfa á erlendum meistaramóttum og alþjóðlegum klúbbamóttum (interclub)

- Réttindi til að starfa í grunnprófum séu grunnprófsréttindi fyrir hendi:
  - o Öll grunnpróf
  - o Yfirdómari grunnprófs
- Hefur starfað í minnst eitt ár með ÍSS réttindi og dæmt ISU flokka
- Hefur náð 20 ára aldri
- Stenst próf fyrir landsréttindi dómara

#### *International Réttindi*

- Sjá reglur ISU
- Öll réttindi og kröfur sem fylgja landsréttindum
- Stenst próf ISU fyrir international dómara
- Réttindi til að starfa alþjóðlegum mónum á lista ISU
- Réttindi til að starfa í grunnprófum án grunnprófsréttinda (þó ekki sem yfirdómari)
- Getur haldið námskeið hjá ÍSS í sínu fagi

#### *ISU Réttindi*

- Öll réttindi sem og kröfur fylgja International réttindum
- Sjá reglur ISU
- Öll réttindi sem fylgja international réttindum
- Stenst próf ISU fyrir ISU dómara
- Réttindi til að starfa á ISU meistaramótum

#### *Grunnprófsréttindi*

- Stenst próf í dómgæslu grunnprófa
- Réttindi til að dæma grunnpróf samkvæmt dómararéttindum

#### *Grunnréttindi yfirdómara (REF)*

- Hefur náð 20 ára aldri
- Stenst próf fyrir grunnréttindi yfirdómara
- Hefur starfað sem dómari í minnst tvö ár
- Réttindi til að sitja sem yfirdómari í:
  - Félagakerfi
  - AS/SO

#### *ÍSS réttindi yfirdómara (REF)*

- Öll réttindi og kröfur sem fylgja grunnréttindum
- Hefur náð 22 ára aldri
- Hefur starfað sem dómari í minnst tvö ár, þarf af minnst eitt ár með ÍSS réttindi eða hærra
- Stenst próf fyrir ÍSS réttindi yfirdómara
- Réttindi til að sitja sem yfirdómari í:
  - ÍSS flokkum á ÍSS mónum (þ.a.m. Íslandsmóti)
  - Öllum flokkum á innanfélags/millifélagamótum

#### *Landsréttindi yfirdómara (REF)*

- Öll réttindi og kröfur sem fylgja ÍSS yfirdómararéttindum

- Hefur starfað sem dómarí í minnst fjögur ár, þarf af minnst eitt ár með landsréttindi eða hærra
- Hefur starfað sem yfirdómari með ÍSS réttindi í minnst eitt ár
- Stenst próf fyrir landsréttindi yfirdómara
- Réttindi til að sitja sem yfirdómari í:
  - Allir flokkar á ÍSS mónum (fyrir utan Íslandsmót)
  - Allir flokkar á erlendum innanlandsmóum (fyrir utan meistaramót)
- Ef international dómararéttindi eru fyrir hendi, réttindi til að starfa sem yfirdómari í:
  - Allir flokkar á Íslandsmóti
  - Allir flokkar á alþjóðlegum klúbbamóum (interclub)
  - Allir flokkar á erlendum meistaramóum

#### *Grunnréttindi tæknistjórнenda (TC)*

- Réttindi til að starfa sem tæknistjórнandi í:
  - Yngstu flokkum á Íslandsmóti
  - ÍSS flokkum á ÍSS móum (fyrir utan Íslandsmót)
  - Öllum flokkum á millifélaga/innanfélagsmóum
  - Grunnprófum í yngstu flokkum
- Hefur setið sem dómarí með minnst ÍSS réttindi í minnst eitt ár
- Hefur náð 20 ára aldri
- Stenst próf fyrir grunnréttindi tæknistjórнenda

#### *ÍSS réttindi tæknistjórнenda (TC)*

- Öll réttindi og kröfur sem fylgja grunnréttindum
- Réttindi til að starfa sem tæknistjórнandi:
  - Í ÍSS flokkum á Íslandsmóti
  - Í öllum flokkum á ÍSS móum (fyrir utan Íslandsmót)
  - Á erlendum innanlands móum (ekki meistaramóum)
  - Í grunnprófum í ÍSS flokkum
- Getur starfað sem tæknisérfræðingur með grunnréttindi í undantekningartilfellum (þó verður minnst einn með réttindi tæknisérfræðings að vera á panel)
- Hefur minnst landsréttindi sem dómarí
- Hefur náð 22 ára aldri
- Stenst próf fyrir ÍSS réttindi tæknistjórнenda

#### *Landsréttindi tæknistjórнenda (TC)*

- Öll réttindi og kröfur sem fylgja ÍSS réttindum tæknistjórнenda
- Réttindi til að starfa sem tæknistjórнandi:
  - Á Íslandsmóti
  - Á erlendum innanlands meistaramóum
  - Á alþjóðlegum klúbbamóum
  - Í öllum grunnprófum
- Hefur starfað sem tæknistjórнandi með ÍSS réttindi í a.m.k. eitt ár og setið sem TC í ISU flokkum
- Stenst próf fyrir landsréttindi tæknistjórнenda

Um frekari réttindi ISU fyrir tæknistjórnendur og yfirdómara má sjá í reglum ISU. Allir með réttindi frá ISU (international eða ISU) geta haldið námskeið hjá ÍSS í sínu fagi.

## 1.2 Tæknisérfræðingar (TS)

ÍSS sér um menntun tæknisérfræðinga.

Til að hefja nám þarf viðkomandi að hafa verið:

- Keppandi á efstu stigum íþróttarinnar
- Vera virkur í íþróttinni t.d. sem þjálfari og/eða nefndarmeðlimur

Til að sækja tækninámskeið ÍSS og sitja sem æfingatæknisérfræðingur þarf viðkomandi að verða að minnsta kosti 15 ára á árinu. Til að þreyta próf sem tæknisérfræðingur þarf viðkomandi að verða að minnsta kosti 16 ára á árinu.

Tæknisérfræðingar undir 18 ára þurfa að vera amk. einu ári eldri en elsti keppandi í þeim flokki sem þeir dæma. Í sérstökum tilfellum getur ÍSS gert undanþágu á þessari reglu. Þessi regla á ekki við um "adult" flokka.

Æskilegt er að nýjir tæknisérfræðingar sitji amk. tvö mótt sem æfingatæknisérfræðingar áður en þeir dæma sitt fyrsta mótt. Æskilegt er að nýr tæknisérfræðingu sitji sem ATS fyrstu þrjú mótin. Þetta á ekki við um Félagakerfi.

### Stigakerfi

#### Grunnréttindi

- Réttindi til að starfa sem tæknidómari í Félagakerfi
- Réttindi til að starfa sem ATS:
  - í yngstu flokkum á Íslandsmóti
  - í ÍSS flokkum á ÍSS móttum (nema Íslandsmóti)
  - í öllum flokkum á millifélaga/innanfélagsmóttum
- Réttindi til að starfa sem TS:
  - í yngstu flokkum á ÍSS móttum (nema Íslandsmóti)
  - í ÍSS flokkum á millifélaga/innanfélagsmóttum
  - í yngstu flokkum í grunnprófum
- Réttindi til að starfa sé tæknidómari í Félagakerfi
- Hefur náð 16 ára aldri
- Stenst próf fyrir grunnréttindi tæknisérfræðinga

#### ÍSS réttindi

- Öll réttindi og kröfur sem fylgja grunnréttindum tæknisérfræðinga
- Réttindi til að starfa sem ATS:
  - o í ÍSS flokkum á Íslandsmóti
  - o í öllum flokkum á ÍSS móttum (nema Íslandsmóti)
- Réttindi til að starfa sem TS:
  - o í yngstu flokkum á Íslandsmóti
  - o í ÍSS flokkum á ÍSS móttum (nema Íslandsmóti)

- Í öllum flokkum á millifélaga/innanfélagsmótum
- Í ÍSS flokkum í grunnprófum
- Réttindi til að starfa á erlendum innanlandsmótum (ekki meistaramótum) með leyfi ÍSS
- Hefur náð 18 ára aldri
- Stenst próf fyrir ÍSS réttindi tæknisérfræðinga

#### *Landsréttindi*

- Öll réttindi og kröfur sem fylgja ÍSS réttindum tæknisérfræðinga
- Réttindi til að starfa sem TS/ATS í öllum flokkum á ÍSS mónum og í grunnprófum
- Réttindi til að starfa á erlendum innanlands meistaramótum og alþjóðlegum klúbbamótum (interclub)
- Hefur starfað sem TS á ÍSS stigi í amk. eitt ár
- Hefur setið sem ATS í ISU flokkum og sem TS í ISU/ÍSS flokkum
- Hefur náð 20 ára aldri
- Stenst próf fyrir landsréttindi tæknisérfræðinga

#### *International Réttindi*

- Sjá reglur ISU
- Öll réttindi og kröfur sem fylgja landsréttindum
- Réttindi til að starfa á alþjóðamótum á lista ISU
- Getur haldið námskeið hjá ÍSS í sínu fagi
- Stenst próf ISU fyrir international réttindi tæknisérfræðinga

#### *ISU Réttindi*

- Sjá reglur ISU
- Öll réttindi og kröfur sem fylgja international réttindum
- Réttindi til að starfa á ISU-meistaramótum
- Stenst próf ISU fyrir ISU réttindi tæknisérfræðinga

### 1.3 Tæknifólk (DRO)

ÍSS sér um menntun tæknifólks.

Æskilegt er að DRO séu fyrrverandi skautarar eða reglulegir starfsmenn í íþróttinni t.d. þjálfarar eða dómrarar, vel tölvufærir og orðnir 18 ára.

#### *Stigakerfi*

##### *Grunnréttindi*

- Réttindi til að starfa sem innsláttardómari í Félagakerfi
- Réttindi til að starfa í ÍSS flokkum á ÍSS mónum
- Ef nauðsyn krefur er hægt að gera undantekningu til starfa í ISU flokkum á ÍSS mónum
- Getur starfað á öllum millifélaga- og innanfélagsmótum
- Hefur náð 18 ára aldri
- Stenst próf fyrir grunnréttindi tæknifólks

### *Landsréttindi*

- Öll réttindi og kröfur sem fylgja Grunnréttindum
- Réttindi til að starfa í öllum flokkum á ÍSS mónum
- Réttindi til að starfa á erlendum mónum (ekki á lista ISU) með leyfi ÍSS
- Hefur náð 20 ára aldri
- Stenst próf fyrir landsréttindi tæknifólks

### *International Réttindi*

- Sjá reglur ISU
- Öll réttindi og kröfur sem fylgja landsréttindum
- Stenst próf ISU fyrir international DRO
- Réttindi til að starfa á alþjólegum mónum á lista ISU
- Getur haldið námskeið hjá ÍSS í sínu fagi

### *ISU Réttindi*

- Sjá reglur ISU
- Öll réttindi og kröfur sem fylgja international réttindum
- Stenst próf ISU fyrir ISU DRO
- Réttindi til að starfa á ISU meistaramótum

## 2. Vanhæfi

### 2.1 Allir starfsmenn á panel

Allir starfsmenn á panel starfa eftir reglugerð um vanhæfi. Sá sem telur að seta sín á panel hvort sem það er í ákveðnum flokkum, ákveðnu kerfi osfr. orki tvímælis vegna vanhæfis skal vekja athygli móthaldara á því. Starfsmaður ber ábyrgð á að meta vanhæfi sitt og/eða bera vafaatriði undir yfirdómara/tæknistjórnanda.

Fái starfsmaður vitnesku um það á mótsstað að hæfi hans sé dregið í efa skal hann tilkynna slíkt til yfirdómara/tæknistjórnanda. Yfirdómari/tæknistjórnandi skal gæta vel að hugsanlegu vanæfi sínu. Yfirdómari getur beðið tæknistjórnanda um álit og öfugt.

Vanhæfi getur að auki átt við vegna þjálfunarstarfa, einkatíma, reglulegar ráðgjafar, þátttöku í keppnum og annarra starfa er talin eru geta haft áhrif á hlutdrægni starfsfólks á panel.

Starfsmenn á panel geta ekki setið á panel í flokkum sem þeir þjálfa. Innanfélagsmót hjá öðrum félögum en viðkomandi starfar hjá eru þó undanskilin. Starfsmönnum á panel sem starfa sem þjálfarar ber að upplýsa ÍSS um eðli þjálfarastarfa sinna árlega í starfsskýrslu sinni og oftar ef þurfa þykir. ÍSS skráir hjá sér hjá hvaða félagi viðkomandi starfar.

Hætti viðkomandi störfum sínum sem þjálfari getur hann ekki hafið störf á panel í þeim keppnisflokkum sem hann þjálfaði fyrr en á næsta keppnistímabili og að minnst sex mánuðum liðnum. Miða skal við amk. tvö ár ef viðkomandi var aðal þjálfari skautara til lengri tíma. Viðkomandi verður skráður hjá því félagi sem hann starfaði hjá í eitt tímabil eftir starfslok.

Sé starfsmaður á panel einnig keppandi skal það skráð sérstaklega hjá ÍSS og ÍSS skráir hjá sér hjá hvaða félagi viðkomandi æfir. Starfsmaður sem einnig er keppandi skal ekki sitja á panel né koma að fundum/hafa bein samskipti við starfsmenn á panel fyrr en keppni er lokið í hans flokki (úrslit eru undirrituð). Starfsmaður á panel skal ekki koma að dómgæslu skautara sem hann kepti við fyrr en tveimur árum eftir að hann hættir keppni.

EKKI er heimilt að meirihluti starfsmanna á dómarapanel né tæknipanel sé skráður hjá sama félagi.

Tæknisérfræðingar og DRO skulu leitast við að fylgja ekki keppendum á móti sem þeir einnig starfa á. Taka skal þau móti sem fylgt og starfað er á sérstaklega fram í árlegri starfsskýrslu.

## 2.2 Dómarar, REF, TC

Dómarar skulu ekki koma að þjálfun grunnprófa í félögum, hvorki almennri þjálfun grunnprófa eða einkatínum.

Dómarar geta sem þjálfarar ekki fylgt keppendum á móti sem þeir einnig starfa á.

Dómarar sem dæma ISU flokka og grunnpróf skulu ekki starfa jafnframt sem þjálfarar hjá félagi sem hefur iðkendur í keppniskerfi ÍSS.

Þjálfarar/keppendur sem eru dómnarar skulu ekki sitja dómarafundi í þeim flokkum sem þeir þjálfa/keppa í.

## 3. Dómgæsla í grunnprófum

Starfsfólk í prófum

*Mynstur:* Yfirdómari og meðdómari

*Element:* Yfirdómari, meðdómari og tæknisérfræðingur/stjórnnandi (ekki nóg að annar dómari sé líka tæknisérfræðingur/stjórnnandi)

*Skyldur beggja dómara:*

- Dæmir öll próf samkvæmt viðmiðum
- Tekur mat tæknisérfræðings/stjórnda til greina samkvæmt viðmiðum
- Metur hvort próftaki stóðst próf samkvæmt viðmiðum
- Próftaki þarf að ná hjá báðum dómurum
- Tekur þátt í umræðum ef dómari er ósammála tæknisérfræðing/tæknistjórnda
- Fer eftir þeim skyldum dómara frá ISU sem við á

*Skyldur yfirdómara:*

- Ber ábyrgð á að skjöl séu rétt meðhöndluð (dómarablöð og önnur skjöl)
- Samskipti við skipuleggjendur, þjálfara og skautara
- Ábyrgð á að próf fari rétt fram (tímataka, flauta, fundur fyrir próf osfr.)
- Ís sé í nógu góðu standi fyrir próf
- Ber ábyrgð á að útfyllt dómarablöð komist til skila á skrifstofu ÍSS

*Skyldur tæknisérfræðings/stjórnda:*

- Dæmir próf samkvæmt gildandi viðmiðum ISU

- Upplýsir dómara um niðurstöður
- Köll hans standa og hafa bein áhrif á úrslit prófs
- Tekur þátt í umræðum ef dómari er ósammála kalli
- Tekur lokaákvörðun um öll köll

#### Nauðsynleg skjöl:

- Grunnprófshandbók
- Grunnprófskröfur
- Mynstur sem dæmd eru
- Dómaraviðmið fyrir mynstur
- Dómaraviðmið fyrir skylduæfingar (ISU)
- Tæknihandbók fyrir það próf sem við á (ISU) [tæknisérfræðingur/stjórnandi]

#### GOE fyrir e, << og V:

Þegar e, << og V er kallað á element hefur það sömu áhrif dómaraeinkunn og í IJS (semsagt engin áhrif frá V). Þegar mínusar eru taldir fyrir reskate teljast mínusar sem dómari gaf nema ef mínusar voru færri en þrír. Þá telst element með e, << eða V sem -3.

Dæmi 1: CoSpV2 +1, önnur element hafa samtals -4. Við drögum -3 niður fyrir element með V og heildarfjöldi mínusa er  $-4 - 3 = -7$

Dæmi 2: CoSpV2 -5, önnur element hafa samtals -4. V breytir engu, við drögum -5 niður fyrir elementið sem áður og fáum  $-4 - 5 = -9$

Dæmi 3 : 2Lze -2, önnur element hafa samtals -4. Við drögum -3 niður fyrir element með e og heildarfjöldi mínusa er  $-4 - 3 = -7$

Önnur atriði dómgæslu grunnprófa má finna í Grunnprófhansbók.

## 4. Dómgæsla í Félagakerfi

Sjá Dómarahandbók Félagakerfis

## 5. Dómgæsla í IJS

Sjá reglur ISU